

Minnisblað

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Útlendingastofnunar vegna hælisleitenda.

Hafnarfjarðarbær og Útlendingastofnun undirrituðu samning á haustmánuðum 2015 um þjónustu sveitarfélagsins við hælisleitendur. Samningurinn felur í sér að sveitarfélagið veitir þremur fjölskyldum eða allt að 15 einstaklingum þjónustu sem skilgreind er nánar í samningnum. Samningurinn rann út um áramótin 2016/2017 en munnlegt samkomulag liggur fyrir um áframhaldandi þjónustu.

Útlendingastofnun hefur leitað til sveitarfélagsins og óskar eftir því að stækka samninginn þ.e.a.s. að fjölga þeim hælisleitendum sem yrðu í þjónustu sveitarfélagsins. Eins og áður yrði einungis um fjölskyldur að ræða. Útlendingastofnun óskar eftir að Hafnarfjarðarbær sjái um allt að 60 hælisleitendur.

Reynsla er komið á þetta verkefni hjá sveitarfélaginu og þekking hefur byggst upp hjá starfsfólki. Útlendingastofnun hefur bent á þann möguleika að Hafnarfjarðarbær taki yfir húsnæðið sem nú er á vegum ÚTL á Norðurhelli. Þar eru 16 íbúðir sem ÚTL leigir fyrir fjölskyldur í hælisleit. Þar eru á hverjum tíma allt að 60 einstaklingar. Töluverð vinna hefur farið í umsýslu vegna íbúða sem sveitarfélagið hefur á leigu fyrir hælisleitendur. Vilji bæjaryfirvöld koma til móts við ÚTL og stækka umræddan samning þá gæti það verið til hagræðis að taka yfir leigusamning þann sem nú er í gildi vegna Norðurhelli. Auk þess væri ekki verið að fjölga hælisleitendum í sveitarfélaginu heldur taka yfir þá þjónustu sem nú þegar er fyrir hendi.

Hafnarfjörður 15. maí 2017
Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.